



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang [hs@sudurland.is](mailto:hs@sudurland.is) – Kennitala 480284-0549

**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK**

Selfossi, 16. mars 2016  
1603051HS SG

**Efni: Umsögn um 545. mál - breytingu á lögum um matvæli(eftirlit, verkaskipting, EES-samningurinn).**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur mótttekið tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. mars 2016, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum (eftirlit, verkaskipting EES-samningurinn).

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fagnar allri einföldun á regluverkin, ekki síst ef það þýðir aukin verkefni til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga (HES) og sérstaklega að baunaspírur séu nú með undir eftirliti HES.

Embættið hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar:

**2. gr. um breytingu á 9. gr. núgildandi laga um tilkynningarskyldu frumframleiðenda matjurta:**

Bent er á að orða þarf breytinguna um tilkynningarskyldu frumframleiðenda matjurta með sama hætti og tilkynningarskyldu um sauðfjár- og hrossarækt til Matvælastofnunar og er lagt til breytingin verði orðuð svo (breyting feitletruð): „*Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu matjurta þurfa ekki starfsleyfi en skulu tilkynna heilbrigðisnefnd um starfsemi sína áður en hún hefst.*“

**Annað sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vill taka fram varðandi tilfærslu verkefna um eftirlit með frumframleiðslu matjurta til HES:**

Framleiðendur matjurta sem pakka afurðum sínum í neytendaumbúðir eru starfsleyfis skyldir hjá HES og hefur gengið vel að fá slíka frumframleiðendur til að sinna skyldum sínum um að sækja um starfsleyfi.

**Það er hins vegar nýmæli að einungis eigi að skrá fyrirtæki hjá HES** sbr. breytingin um að frumframleiðendur matjurta hafa fram til þessa átt að tilkynna framleiðslu sína til Matvælastofnunar. Samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hefur gengið illa að fá menn til að tilkynna sig til stofnunarinnar.



Þú að tryggja að frumframleiðendur sinni skyldum sínum um skráningar er nauðsynlegt að eftirlit fari fram að minnsta kosti í upphafi. Einnig hlýtur einhver kostnaður að falla til við skráningu slíkra fyrirtækja sem yrði vinnan sambærileg og skráning starfsleyfis hjá viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði og eftir atvikum yrði skráningin birt á heimasíðu eins og sjá má dæmi um skráningar starfsleyfa hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands: <http://www.hsl.is/starfsleyfi/starfsleyfi-i-gildi/>

#### **Vegna notkunar varnarefna:**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að sýnatökur vegna varnarefna mælinga muni að líkindum einnig flytjast til HES og er því nauðsynlegt að vel takist til um skráningar allra þeirra sem stunda frumframleiðslu matjurta.

Við breytingu á efnalögum nr. 61/2013 breyttist hlutverk HES nokkuð og er nú m.a. að hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í **starfsleyfis skyldri** starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem HES gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að styrkja þarf HES til að tryggja fræðslu eftirlitsaðila um efnavörueftirlit, þar sem um takmarkað eftirlit hefur verið að ræða af hálfu HES eftir breytinguna á efnalögum.

Að öðru leyti gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri